

**Nd.**

**163. Frumvarp til laga**

[73. mál]

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

**1. gr.**

1. mgr. 70. gr. laganna orðist svo:

Áður en kjósenda, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, eru afhent kjörgögn, skal hann skýra kjörstjóra frá ástæðum til þess, að hann óskar að neyta atkvæðisréttar síns fyrir kjördag, og gera sem nákvæmasta grein fyrir því, hvar hann muni verða staddur á kjördegi. Skal kjörstjóri færa upplýsingar þessar í bók, sem yfirkjörstjórn löggildir í þessu skyni. — Að þessu loknu fær kjósandi afhent tölusett fylgibréf, með áföstum kjörseðli, og skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt, er að framan greinir, loka honum síðan, þannig að það verði innan á, er hann hefur skrifað á seðilinn, og líma hann vandlega aftur.

Aftan við gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Frambjóðendur og umboðsmenn þeirra eða framboðslista skulu hafa aðgang að bók þeirri, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

**2. gr.**

Í stað 1. másl. 76. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir, þannig:

Kjörfund skal setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegi, en í kaupstöðum kl. 10 árdegis. Yfirkjörstjórn í kaupstöðum getur þó ákveðið, að kjörfundur skuli hefjast kl. 9 árdegis. Fullskipuð kjörstjórn skal viðstödd, er kjörfundur er settur.

### 3. gr.

97. gr. laganna orðist svo:

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en 8 klukkustundir eru liðnar, frá því að kjörfundur hófst, og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin, frá því kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta, er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði og eftir 5 klukkustundir, ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjörfundi skal þó eigi slíta síðar en kl. 23 á kjördag. Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.

### 4. gr.

Aftan við 103. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Frambjóðendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt:

1. að hafa meðferðis á kjörfundi kjörskrá eða aðra slíka skrá;
2. að rita til minnis á kjörfundi nöfn þeirra, er neyta atkvæðisréttar;
3. að senda af kjörfundi eða láta í té upplýsingar um, hverjir neyta atkvæðisréttar eða hverjir hafa ekki sótt kjörfund.

Skal kjörstjórn hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessum sé fullnægt og að frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra hafist ekki annað að á kjörfundi en að fylgjast með því, að kosning fari fram lögum samkvæmt.

### 5. gr.

Aftan við 105. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Um leið og kosningu er lokið og kjörstjórn hefur unnið nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni, sendir hún kjörskráreintök þau, sem notuð voru við kosninguna, í innsigliðum umbúðum til yfirkjörstjórnar. Að lokinni atkvæðatalningu býr yfirkjörstjórn um kjörskrárnar í innsigliðum umbúðum og afhendir sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík borgarfógeta) til varðveislu.

### 6. gr.

3. töluliður 139. gr. laganna orðist svo:

3. Að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum eða auglýsingum, með því að bera eða hafa uppi flokksmerki, merki, lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og á næstu húsum og í aðliggjandi götum.

### 7. gr.

Nýr töluliður bætist við 139. gr. laganna, 4. liður (aðrir liðir breytast í samræmi við það), svo hljóðandi:

4. Að hafa flokksmerki, merki lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum meðan kjörfundur stendur yfir svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma.

### 8. gr.

Fyrir orðin „frá 50—1000 kr.“ í 146. gr. laganna komi orðin: frá 1000—20000 kr.

### 9. gr.

Fyrir orðin „frá 20—200 kr.“ í 147. gr. laganna komi orðin: frá 400—4000 kr.

### 10. gr.

Fyrir orðin „100—1000 kr.“ í 148. gr. laganna komi orðin: 2000—20000 króna.

### 11. gr.

Fyrir orðin „50—1000 króna“ í 149. gr. laganna komi orðin: 1000—20000 króna.

### 12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.